

Ed.

327. Frumvarp til laga

[190. mál]

um breyting á orkulögum nr. 58 frá 29. apríl 1967 með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 105. löggjafarþingi 1982—83.)

1. gr.

Við XI. kafla orkulaga — almenn ákvæði — bætist ný grein, 81. gr., sem orðist þannig:
Breytingar á verðákvæðum í gjaldskrá orkufyrirtækja skulu háðar samþykki ráðherra orkumála.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Orkufyrirtæki í landinu eru nú öll háð opinberu eftirliti með verðlagningu á orku nema Landsvirkjun, en Landsvirkjun hefur ekki, frá því 1. gr. laga nr. 12, 30. apríl 1981 um hert aðhald á verði vöru og þjónustu féll úr gildi, verið háð opinberu eftirliti með verðlagningu. Telja verður óeðlilegt að ósamræmi ríki milli orkufyrirtækja að þessu leyti. Telja verður það eðlilega reglu að orkufyrirtækin, sem eru opinber þjónustufyrirtæki með einkarétt til sölu á orku, séu háð opinberu eftirliti með verðlagningu. Því er lagt til að bætt verði í orkulög almennu ákvæði um verðlagningu á orku, sem seld er samkvæmt gjaldskrá.

Með almennu ákvæði um þetta efni er ætlunin að ná fram heildarstjórn á verðlagningu á orku, sem seld er samkvæmt gjaldskrá.

Annar þáttur heildarstjórnar á verðlagningu á orku varðar orkuverð til stóriðju. Þar vegur þyngst raforkusalan til Íslenska álfélagsins h.f. Frumvarp þetta tekur þó ekki til verðákvæða varðandi orkusölu til stóriðju, enda er þar um mál að ræða sem taka þarf á sérstaklega.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að verðbreytingar á raforku og heitu vatni til almenningsveitna og almennra notenda sem kaupa orku samkvæmt gjaldskrá verði háðar samþykki ráðherra orkumála. Ákvæðinu er ætlað að ná til allra orkufyrirtækja, þar með talin Landsvirkjun. Frumvarpinu er ekki ætlað að taka til sölu á orku til einstakra stórnotenda samkvæmt sérstökum orkusölusamningum.

Um 2. gr.

Þarfnast ekki skýringa.